

misnotað forréttindi sín eða friðhelgi skulu ákvæði 6. málsgreinar VI. kafla þessarar Bókunar gilda. Fari aðildarríki, sem í hlut á, þess á leit skulu viðræður eiga sér stað milli þeirra til þess að koma í veg fyrir að misnotkunin endurtaki sig.

his or her privileges and immunities, then the provisions set forth in Section VI, paragraph 6 of this Protocol shall apply. At the request of any of the States Parties concerned, consultations shall be held between them in order to prevent a repetition of such an abuse.

AUGLÝSING

um breytingu á Oslóarsamningi um mengun sjávar.

Hinn 30. maí 1989 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um samþykki Íslands á breytingum á alþjóðasamningi frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum sem samþykktar voru í ákvörðun Oslóarnefndarinnar nr. 85/1 13. júní 1985, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1973, þar sem samningurinn er birtur, 5/1974, 10/1987 og 22/1989.

Breytingarnar öðluðust gildi 11. maí 1990.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN ÓSLÓARNEFNDARINNAR 85/1 frá 13. júní 1985 um viðauka I og II samningsins

NEFNDIN, sem stofnsett var samkvæmt samningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sem gerður var í Osló 15. febrúar 1972 (hér á eftir nefndur „samningurinn“);

TEKUR TILLIT TIL ákvæða samningsins, einkum d-liðar 17. gr. og 2. tl. 18. gr. hans;

HEFUR ÁKVEÐIÐ að breyta viðaukum samningsins sem hér segir:

1. gr.

2. mgr. viðauka I við samninginn fellur niður og síðari málsgreinar tölusettar samkvæmt því.

2. gr.

5. mgr. viðauka I við samninginn, eins og henni var breytt skv. 1. gr., orðast svo:

OSCOM DECISION 85/1 of 13 June 1985 concerning Annexes I and II to the Convention

THE COMMISSION established by the Convention for the Prevention of Marine Pollution by Dumping from Ships and Aircraft, done at Oslo on 15 February 1972 (hereinafter referred to as “the Convention”);

HAVING REGARD to the provisions of the Convention, and in particular to Articles 17(d) and 18(2) thereof;

HAS DECIDED to amend the Annexes to the Convention as follows:—

Article 1

Paragraph 2 of Annex I to the Convention shall be deleted and the subsequent paragraphs shall be renumbered accordingly.

Article 2

Paragraph 5 of Annex I to the Convention, as amended by Article 1, shall be amended to read as follows:

„5. Varanleg plastefni og önnur varanleg gervi-efni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á sjávarlífi, fiskveiðum, siglingum, þokkafullum svæðum eða öðrum lög-
mætum notum hafsins.“

3. gr.

a-liður 1. mgr. viðauka II við samninginn orðast svo:

„a) Arsen, króm, eir, blý, nikkell, sink og efna-sambönd þeirra, sýaníð og flúoríð, varan-
leg eitruð lífræn kísilsambönd, skordýraeit-
ur og annað vágestaeitur ásamt aukaefn-
um, enda komi viðauki I ekki til greina
hér;“

4. gr.

Samningsaðilar skulu tilkynna nefndinni fyrir
31. mars 1986 um samþykki þessara breytinga skv.
2. tl. 18. gr. samningsins.

“5. Persistent plastics and other persistent
synthetic materials which may float, or remain
in suspension, or sink to the bottom, and which
may seriously interfere with marine life, fishing,
navigation, amenities or with other legitimate
uses of the sea.”

Article 3

Paragraph 1(a) of Annex II to the Convention
shall be amended to read as follows:

“a) Arsenic, chromium, copper, lead, nickel,
zinc and their compounds, cyanides and
fluorides, persistent toxic organosilicon
compounds, and pesticides and their by-
products not covered by the provisions of
Annex I;”

Article 4

The Contracting Parties shall inform the Com-
mission by 31 March 1986 of approval of these
modifications in accordance with Article 18(2) of
the Convention.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á Evrópusamningi um vernd dýra í millilandaflutningi.

Viðbótarbókun frá 10. maí 1979 við Evrópusamning frá 13. desember 1968 um vernd dýra í
millilandaflutningi tók gildi 7. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1986.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. desember 1991.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.